

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla • 6. árgangur • 1. tölublað • mars 2010

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús



AKURSKÓLI 5 ÁRA

Akurskóli tók til starfa haustið 2005 og er því á sínu fimmta starfsári. Í dag stunda 363 nemendur nám við Akurskóla í 1.-10. bekk og þeim til halds og traust eru rúmlega 40 starfsmenn. Akurskóli er því orðinn heildstæður grunnskóli en þar er líka frístundaskólinn Akurskjól þar sem yngstu nemendurnir geta dvalið eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Einnig geta nemendur skólans stundað tónlistarnám á skólatíma á vegum Tónlistarskóla Reykjanesháttar. Á þessum árum hefur starfið verið að mótast en fræðslufirvöld í Reykjaneshátt lögðu í upphafi áherslu á að skólastarf í Akurskóla tæki mið að hugmyndafræði um einstaklingsmiðað nám og tekur skipulagning kennslurýma og röðun í námshópa mið af því. Byggingin er hönnuð með hugmyndafræðina um opinn skóli í huga, með áherslu

á einstaklingsmiðað nám, og leitast við að búa nemendum námsumhverfi sem kemur til móts við ólíkar þarfir hvers og eins.

Í Akurskóla er aldursblöndun árganga, utan yngsta og elsta árgangs, en tveir árgangar vinna saman í sameiginlegu rými. Kennarar vinna saman í teyðum í kennslustundum og við skipulagningu og undirbúning kennslunnar. Hver umsjónarkennari er með umsjónarhóp sem á sitt heimasvæði. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og samvinnu nemenda.



Leitast er við að móta skólastarf, framtíðarsýn og markmið í samvinnu allra sem í skólanum starfa, foreldra og nemenda. Í þeirri vinnu er lögð áhersla á að gefa nemendum tækifæri til frekara náms og skapa bestu skilyrði til þess. Lögð er áhersla á að höfða til áhugasviðs nemenda, að efla gagnrýna hugsun og að byggja nám á styrkleikum hvers og eins. Virðing nemenda fyrir sjálfum sér og umhverfinu er höfð að leiðarljósi. Stefna skólans hefur því verið skýr frá upphafi og sett hafa verið fram meginmarkmið en þau eru að efla skapandi og gagnrýna hugsun, að efla samstarf og samvinnu, efla vináttu og virðingu og setja náttúruvísindi á háan stall. Þessar áherslur speglast vel í einkunnarorðum Akurskóla „Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksfús!“, sem lýsa vel því starfi sem unnið hefur verið síðastliðin ár.



Jón Borgarsson úr Höfnum kom í heimsókn og sagði krökkunum sögur.



ÞEMADAGAR Í JANÚAR

Dagana 20. – 22. janúar voru þemadagar í Akurskóla. Viðfangsefnið í þetta sinn var annars vegar Þorinn og hins vegar Þjóðsögur og ljóð. Nemendur í 1. bekk og elstu börnin á leikskólunum Akri og Holti héldu áfram með samstarfsverkefnið *Brúum bilið* og unnu verkefni tengd þorranum. Viðfangsefnið var fjölbreytt s.s. að þæfa ull, rúgbrauðs-, smjör- og sviðasultugerð, leikið var með gömul gull (leggi, kjálka og völr), farið var í ratleiki, á byggðasafnið í Innri – Njarðvík, í Þorrabingó, gömlu mánaðarheitin voru rifjuð upp og rúnir skoðaðar. Í lok þemavinnunnar var haldin sameiginleg uppskeruhátíð Akurskóla, Holts og Akurs þar sem hægt var að sjá afrakstur þemadaganna og smakka á rúgbrauði, smjöri og sviðasultu sem börnin höfðu sjálf búið til.

Á öðrum skólastigum var unnið með Þjóðsögur og ljóð. Lesnar voru Þjóðsögur fyrir börnin, þau unnu með texta þeirra og gerðu myndverk tengd

þeim. Viðfangsefnið var ýmist þekktar Þjóðsögur á landsvísu s.s. Gilitrukk, Djákninn á Myrká og Búkolla eða Þjóðsögur úr næsta nágrenni okkar s.s. Dýrið í Innri-Njarðvík, Draumar Petrínu Guðmundsdóttur og Draugurinn á Hólmsbergi. Góðborgarinn Jón Borgarsson úr Höfnum kom í heimsókn og sagði krökkunum sögur úr Höfnum og vakti það mikla lukku. Nemendur spreyttu sig á að endurskrifa Þjóðsögur upp á nútímann og 10. bekkur fór á Þjóðsagnaslóðir í Garði og gengu frá Útskálum meðfram stöndinni að Garðskagavita þar sem tekið var á móti þeim í Byggðasafninu á Garðskaga.

Á þemadögum gefst gott tækifæri til þess að nálgast og vinna með eitt tiltekið viðfangsefni. Markmiðið er að dýpka skilning og þekkingu nemenda á efninu og má oft sjá framúrskarandi afrakstur og árangur nemenda. Þemavinna er skemmtileg tilbreyting og kryddar og auðgar skólastarfið, jafnt fyrir nemendur og starfsfólk skólans.






Stærðfræði byggð á skilningi barna (SKSB)

Nemendur í 6. og 7. bekk gerðust arkitektar og smiðir þegar þeir bjuggu til líkön af húsum sem þeir höfðu sjálfir teiknað. Verkefnið snérist um að læra betur um ummál og flatarmál og auka færni sína í að nýta þær mælieiningar. Nemendur fengu algjörlega frjálsar hendur og hönnuðu

húsin sín af miklum áhuga. Þeir miðuðu við það að 1cm væri 1m og þannig gátu þau séð fyrir sér húsið í raunverulegri stærð. Síðan fundu þeir út hvert flatarmál og ummál hússins væri. Að því loknu tok við hönnun húsa og nemendur ákváðu efnivið í þau. Mjög gaman var að sjá hvað þeir



eru hugmyndaríkir. Nemendur unnu ýmist í hópum eða einir og verkefnið heppnaðist mjög vel í alla staði. Afraksturinn var svo sýndur á sal skólans og vakti mikla lukku meðal nemenda, foreldra og kennara.

Bekkjakvöld hjá Hnísum

Bekkjakvöld var haldið hjá Hnísum í lok janúar. Nemendur í bekknum buðu foreldrum sínum á bekkjakvöldið og sáu sjálfir um að skipuleggja og flytja dagskrána. Boðið var upp á nokkur tónlistatriði s.s. klarinettleik, fiðluleik, gítarleik

og söng og einnig dansatriði. Að loknum skemmtiatriðum var boðið upp á kaffihlaðborð að hætti Hnísa. Á bekkjakvöldum gefst gott tækifæri til þess að styrkja og efla vinatengsl jafnt nemenda sem foreldra og eiga góða stund saman.



Gettu enn betur

Gettu enn betur er árleg spurningakeppni sem haldin er á milli grunnskólanna í Reykjanesbæ. Forkeppni var haldin á unglingastigi í Akurskóla á milli Þrasta, Spóa og Arna til þess að velja fulltrúa skólans í spurningakeppnina. Keppnin var mjög skemmtileg og spennandi og keppendum jafnt sem skipuleggjendum til sóma. Kennararnir Freyr, Þormóður, Hrefna og Ingigerður sömdu spurningarnar ásamt Lars aðstoðarskólalastjóra en dómari var Lovísa Hafsteinsdóttir. Þrír nemendur voru valdir til þess að keppa fyrir hönd Akurskóla en það voru þau Helga Vala Garðarsdóttir, Ingimar Örn Kjartansson og Adam Sigurðsson.



Útinám hjá 2. og 3. bekk

Á hverjum fimmtudegi fara 2. og 3. bekkur í útikennslu, tvær kennslustundir í senn. Fjaran hefur verið aðalviðfangsefnið þar sem allt sem þar má finna er skoðað og nýtt t.d. til listsköpunar. Einnig hefur verið unnið með gróður og hefur plöntum þá verið safnað og farið með hann í kennslurými og greindur og flokkaður. Samfara því leituðu nemendur eftir nánari upplýsingum um plöntuna á netinu og í bókum. Stærðfræðin hefur einnig átt sinn sess í útináminu. Farið var á bílastæði Akurskóla og litir bílanna skoðaðir og taldir og upplýsingarnar settar upp í súlurit. Þess má geta að lokum að farið er út í nánast hvernig veðri sem er og því mikil vægt að nemendur séu ávallt klæddir eftir veðri.



Flott án fíknar

Forvarnarklúbburinn Flott án fíknar fór af stað þriðjudaginn 9. febrúar sl. Klúbbmeðlimum var boðið í sundlaugar party og eins og sjá má á myndunum var mikið fjör. Flott án fíknar er félagsskapur fyrir unglinga í 8. – 10. bekk með heilbrigðan lífsstíl. Nemendur þurfa að skrifa undir samning við klúbbstjóra og foreldra um að þau muni ekki neyta tóbaks né vímuefna á meðan að þau eru í klúbbnum. Mjög góð þátttaka er í klúbbnum og hafa 79 nemendur af 83 skráð sig. Lögð verður áhersla á að gera eitthvað skemmtilegt með klúbbfélögum einu sinni í mánuði út skólaárið. Klúbbstjóri er Lovísa Hafsteinsdóttir.



Framtakssamir krakkar í 10. bekk

Unglingarnir í 10. bekk, Örnum, eru búnir að eiga margar góðar stundir við leik og störf í vetur. Þau hafa ákveðið í samráði við umsjónarkennara sinn, Ingigerði Sæmundsdóttur, skólastjórndur og forráðamenn að fara í vorferðalag til Vestmannaeyja.

Til að fjármagna ferðina hafa þau selt lakkrísafganga, bakað og selt muffins kökur og harðfisk. Þau eru að sögn umsjónarkennara búin að vera mjög dugleg og áhugasöm um ferðina og er mikil tilhlökkun í hópnum.



Í desember tóku nokkrar mömmur sig saman ásamt umsjónarkennara og höfðu gistinótt með krökkunum. Lítið var sofið en úr varð heljarinnar fjör og bökuðu þau t.d. pizzu á miðnætti undir leiðsögn einnar mömmunnar.

Á þemadögum í janúar fóru þau í vettvangsferð með Ingu og Elísabetu út á Garðsskaga og var það mjög ævintýrlegt. Í svarta myrkri gengu þau í gegnum kirkjugarðinn að Útskálum og fylgdu svo ljósinu frá vitanum meðfram ströndinni. Markmið ferðarinnar var að fara

á slóðir þjóðsagna og kynna sér staðarhætti. Ferðin endaði síðan í byggðasafninu á Garðsskaga, þar sem Ásgeir Hjálmarsson tók vel á móti köldum og hröktum krökkum. Hann sýndi þeim safnið og svo unnu þau verkefni á staðnum.

Ernir hafa hist einu sinni í vetur til að horfa á kvikmynd og eitt kvöld var spilakvöld þar sem þau spiluðu Alias og fleiri spil. Í hópnum eru 34 krakkar sem hafa verið mislengi í Akurskóla en flest síðan árið 2005.

ART ER SMART

Skömmu eftir áramót fór af stað svokallað ART-námskeið í Akurskóla. ART stendur fyrir Agression Replacement Training og er uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel þar sem markmiðið er að efla sjálfsstjórn barna og fyrirbyggja andfélagslega hegðun, s.s. ofbeldi, og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. ART þjálfun er byggð á kenningum úr atferlisfræði en með því að þjálfra margskonar



færni í gegnum hlutverkaleiki og skáldaðar aðstæður má gefa einstaklingnum meiri möguleika á að hagnýta og yfirfæra þjálfunina yfir á raunverulegar aðstæður. Fyrsti ART hópurinn samanstendur af fimm nemendum í 4.-5. bekk og tveimur þjálfurum, þeim Eyrúnu og Herborgu. Þau hittast þrisvar í viku í 10 vikur og vinna sameiginlega að sínum markmiðum og hafa virkilega gaman af.



Heimsókn í Hvolsskóla

Starfsdagar eru vel nýttir til fræðslu og endurmenntunar hjá starfsfólki Akurskóla. Á meðan nemendur leggja námsbókum sínum stutta stund huga kennarar og annað starfsfólk skólans jafnan að nýjum hugmyndum, símenntun eða öðru til þess að bæta og efla allt það góða starf sem fram fer í Akurskóla. Þann 11. febrúar sl. lögðum við land undir fót og héldum í skólaheimsókn í Hvolsskóla á Hvolsvelli

Þar var tekið vel á móti okkur með veitingum. Síðan skoðuðum við skólann og fengum loks fyrirlestur um gildi skólans og framtíðarsýn. Fyrir nokkrum árum voru allir grunnskólar í

Rangárþingi eystra sameinaðir í Hvolsskóla og samhliða því hefur markvisst þróunarstarf einkennt starfsemi skólans, nýtt námsfyrirkomulag mótað og námið gert einstaklingsmiðaðra. Fyrir það fékk Hvolsskóli Menntaverðlaunin árið 2008. Áhugavert var að sjá og skoða hvernig skipulag kennslu var háttað í Hvolsskóla og margar hugmyndir kviknuðu sem útfæra má og aðlaga í Akurskóla. Skólastarf er í stöðugri þróun og nauðsynlegt er fyrir kennara og starfsmenn að hittast öðru hverju, kynnast nýjum og öðrum starfsháttum og nálgunum til hagsbóta fyrir nemendur.



Rithöfundur í heimsókn

Ólafur Haukur Símónarson, rithöfundur, heimsótti nemendur í 10. bekk rétt fyrir jól. Tilefnið var að 10. bekkingar hafa verið að lesa skáldsögu hans, *Gauragangur*. Ólafur Haukur ræddi við nemendur um tilurð bókarinnar, uppbyggingu sögunnar, persónusköpunina og söguviðið. Nokkrar umræður spunnust um aðalpersónuna, Orm, og sýn hans á lífið og tilveruna. Leikgerð Gauragangs verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu 19. mars nk. og til stendur að nemendur og kennarar í 10. bekk fari saman að sjá leikritið.





Strandasund

Sólstrandarsundsvíkuna fengu nemendur að koma í bikiníum og stuttbuxum (í stað sundskýla og sundbola). Einnig fengu þau taka með sér hluti sem þau færu venjulega með á ströndina, sundbolta, vindsængur, báta, kafaragleraugu o.fl.

Síðan var bara dúndurfjör og krakkarnir léku sér og sprelluðu með tónlistina í botni.

STARFSMANNAKYNNING



Ég heiti Eyrún Kristín Júlíusdóttir, er þroskaþjálfari og starfa í Akurskóla en þetta er þriðja árið sem ég starfa við skólann.

Ég er gift Óskari Hauki Óskarssyni rafeindavirkja og eigum við þrjú börn, tvær tengdadætur og eina frábæra afa- og ömmustelpu. Ég er fædd og uppalin á Dalvík og hef búið í Reykjavík og á Akureyri. Áður en ég flutti til Reykjanesbæjar bjó fjölskyldan í ellefu ár á

Bakkafirði. Þar starfaði ég sem leiðbeinandi við Grunnskóla Bakkafjarðar. Þar var frábært að vera. Ég hef gaman af því fara í gönguferðir, jeppaferðir og snjósleðaferðir. Ég hef líka gaman af að þrjóna, búa til góðan mat og vera með fjölskyldunni. Í vetur er ég að vinna með nemendum í Höfrungum sem eru í 4. og 5. bekk. Höfrungar eru góður hópur með góðan kennara.

Námsráðgjafi í Akurskóla



Þann 1. febrúar sl. tók nýr námsráðgjafi til starfa í Akurskóla. Hún heitir Lovísa Hafsteinsdóttir og hefur starfað í Akurskóla frá upphafi skólans. Lovísa er

nemendum af góðu kunn því hún hefur séð um félagslíf skólans ásamt því að vera umsjónarmaður frístundaskólans síðastliðin fjögur ár. Lovísa er tólmstunda- og félagsmálafræðingur í grunninn og hefur mikinn áhuga á velferð barna og unglunga. Forvarnir og tólmstundir barna og unglunga hafa átt allan hennar hug undanfarin ár og má því segja að það eigi eftir að nýtast henni vel í nýja starfi sem náms- og starfsráðgjafi Akurskóla. Lovísa er með viðtalstíma á mánudögum, þriðjudögum og föstudögum frá 8-12 en frá 8-16 á miðvikudögum.

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is